

Yfirlýsing frá Birni Björnssyni, prófessor

MORGUNBLAÐINU hefur borist eftirfarandi yfirlýsing frá Birni Björnssyni, prófessor, vegna skrifna Helgarpóstsins:

„Vegna ákaflega alvarlegra aðdróttana Helgarpóstsins fimmtudaginn 13. nóvember 1986 um aðild mína að kaupum Hjálparstofnunar kirkjunnar á húseigninni Engihlíð 9 og hagsmunaaðreksra þar að lútandi vil ég taka fram eftirfarandi:

Um kaup Hjálparstofnunar kirkjunnar á Engihlíð 9 vissi ég alls ekki neitt fyrr en þau voru um garð gengin. Um það geta aðrir vitnað og munu vafalaust gera eiðsvarnir fyrir rétti ef á þarf að halda. Þegar þau kaup voru gerð var ég ásamt eigin konu minni staddur erlendis. Húseign tengdaforeldra minna látinna hafði þá þegar verið seld, þveröfugt við það sem Helgarpósturinn leyfir sér að fullyrða. Veit ég vel að til er sími og að til eru símskeyti. En það var ekki hringt til mín, ég fékk ekki

skeyti. Ég hafði enga hugmynd um húsakaup Hjálparstofnunar kirkjunnar fyrr en þau voru afstaðin við heimkomu mína frá útlöndum.

Eg á ekki sæti í framkvæmdanefnd Hjálparstofnunar kirkjunnar sem aðalmaður. Eg er þar varamaður og hef engan fund setið þegar húsakaup Hjálparstofnunar kirkjunnar hafa verið til umræðu. Það segir sig sjálf, þegar um svo alvarlegar aðdróttanir er að ræða sem í þessu tilviki, þegar jafnt mannróði mínu sem starfsheiðri er stefnt í voða, að ég mun leita allra tiltækra ráða er íslenskt réttarkerfi býr yfir til að hreinsa nafn mitt af rakalausum og alröngum áburði Helgarpóstsins. Enn trúi ég því að við búum í réttarríki hér á Íslandi.“



Morgunblaðið/Ól.K.M.

Tryggvi Ólafsson myndlistarmaður við tvö verka sinna.

Tryggvi Ólafsson með sýningu í Galleri Borg

TRYGGVI Ólafsson myndlistarmaður hefur opnað málverka-sýningu í Galleri Borg við Austurvöll og stendur hún til 25. nóvember n.k.

Tryggvi Ólafsson hefur búið í Kaupmannahöfn í 25 ár en hefur komið til Íslands með reglulegu millibili og haldið einkasýningar og tekið þátt í samsýningum. Auk þess hefur Tryggvi haldið margar sýningar erlendis.

Á sýningu Tryggva í Galleri Borg eru 35 akrflmyndir sem allar eru til sölu. Flest verkanna eru unnin á þessu ári, en nokkur 1985.

Galleri Borg er opið frá klukkan 10 á morgnanna til 18 alla virka

daga, og milli klukkan 14 og 18 um helgar.

„Viðhorf-finnsk nútímalist“:

Tólf finnskir listamenn sýna 80 verk að Kjarvalsstöðum

Meningarmálanefnd Reykjavíkur og Samband finnskra myndlistarmanna standa

fyrir sýningu, sem opnuð verður í dag, laugardag, kl. 14.00 að Kjarvalsstöðum. Sýningin ber yfirskriftina „Viðhorf-finnsk nútímalist“ og eru á henni 80 málverk og höggmyndir.

Alls taka tólf finnskir myndlistarmenn þátt í sýningunni. Þeir eru: Martti Aihla, Kari Cavén, Radoslaw Gryta, Jussi Kivi, Leena Luostarinen, Marika Mäkelä, Pekka Nevalinen, Mari Rantanen, Risto Suomi, Raili Tang, Timo Valjakka og Henry Wuorila-Stenberg. Í tengslum við sýninguna heldur Pekka Nevalinen fyrirlestur með lit-skygnum um finnska nútímalist að Kjarvalsstöðum í dag kl. 15.00.

Verkin eru þverskurður af finnskri listsköpun og sýnir hún í raun viðhorf finnskra myndlistarmanna til listarinnar í dag. Íslendingum gefst kostur á að kynna því nýjasta og markverðasta sem er að gerast í finnskri myndlist, en á sl. árum hefur átt sér stað mikil opnun í finnskri listsköpun. Finnskir listamenn hafa mikið til horfið frá hugmyndafræðilegum vangaveltum og pólitísku raunsæi 8. áratugarins og tileinkað sér tjáningaríkari myndgerð sem í senn tengist alþjóðlegum liststefnum og byggir á finnskri hefð og persónulegri reynslu, að sögn Gunnars Kvaran, listfræðings.


Sýningin er farandsýning, sem fer um öll Norðurlöndin og er þetta fyrsta sýningin sem menningarmálanefnd Reykjavíkurborgar stendur að, en nefndin vinnur að því að halda fleiri slíkar veglegar

sýningar á eigin vegum, að sögn Huldu Valtýsdóttir, formanns nefndarinnar. Í janúar nk. verður t.d. yfirlitssýning á íslenski „abstrakt“ list frá upphafi til okkar daga. Kjarvalsýningar eru fyrirhugaðar næsta sumar og nefndin vinnur að því að fá erlendar sýningar til landsins. Menningarmálanefndin fer nú með yfirstjórn menningarstofnana á vegum

Reykjavíkurborgar og hefur gert svo síðan í júní sl. Í nefndinni eiga sæti fimm fulltrúar. Auk Huldu Valtýsdóttir, formanns nefndarinnar, eru aðrir fulltrúar sjálfstæðisflokksins þær Ingibjörg Rafnar og Elín Pálmadóttir. Fulltrúi alþýðubandalagsins er Kristín Ólafsdóttir og fulltrúi alþýðuflokks er Ragnheiður Guðmundsdóttir.

inn. Einnig er algengt að stolið sé hljómflytningstækjum og að sögn lögreglu eru þau oft mjög dýr. Dæmi eru um að þau séu ívið dýrari en bílarnir sjálfir.

En það er ekki bara stolið úr bílum, heldur einnig af þeim. Rannsóknarlögreglunni hafa á skömmum tíma borist sjö kærur vegna þjófnaða á erlendum skrásetningarskiltum bíla. Erfitt er að geta sér til um hvaða hag þjófurinn hefur af slíkum stuldi, nema ef undarleg söfnunarárátta hrjáir hann.



Morgunblaðið/Ingvar Guðmundsson

Piltarnir þrír, sem fóru um borð í skip í Slippnum, reyndu að verða sér úti um lyf í gúmbjörgunarbát. Lögreglan handtók þá á staðnum, en þá höfðu þeir skorið í bátinn.

Brotist inn í bát og bíla

ÞRÍR unglingspiltar voru handteknir á miðvikudagskvöld um borð í Gjafari VE 600, en skipið er í slipp í Reykjavík.

Piltarnir fóru um borð til að kanna gúmbjörgunarbát skipsins, en alltaf er nokkuð um að lyfjum sé stolið úr bátum. Þessi för piltanna fékk þó snubbóttann endi, því lögreglunni var gert viðvart þegar sást til þeirra.

Sama kvöld var komið að tveimur drengjum við innbrot í Rofaborg, dagheimili í Árbæ. Drengirnir, sem eru 10 og 12 ára

gamli, munu hafa brotist áður inn þarna og á stöðum í nágrenninu. Þá var tilkynnt um innbrot í Fóstursk'ola Íslands í fyrradag og í Breiðholtsskóla um síðustu helgi. Á báðum stöðunum var stolið sælgæti og öðru smáræði. Mikið hefur verið um það að undanförunu að stolið hefur verið úr bílum. Er þetta ekki bundið við ákveðin svæði í Reykjavík, heldur virðist ganga jafnt yfir alla borg. Algengt er að stolið sé lausamunum úr bílum fyrir fram- dagheimili, þegar móðir eða faðir skreppur rétt sem snöggvast

Saga eftir Sigrúnu Eldjárn

BÓKAÚTGÁFAN Forlagið hefur sent frá sér barnasögu eftir Sigrúnu Eldjárn sem nefnist B2 - Bétveir. Bókin er prýdd litmyndum eftir höfundinn.

Í frétt frá Forlaginu segir: „Bétveir segir frá Áka, litlum snáða sem bregður sér dag nokkurn út í garð til að tína blóm. Þegar hann ætlar að seilast eftir fallegustu blómum í garðinum, kemur í ljós að þetta eru þreifar á kostulegri geimveru, með tvö höfuð og fjóra fætur, sem segist heita Bétveir. Bétveir er kominn til jarðarinnar til að kynna stór-



Sigrún Eldjárn

kostlegu fyrirbæri sem hann hefur frétt að til sé á jörðinni...“ Bétveir er 40 bls. Prentsmiðjan Oddi hf. prentaði.

SÍMAR 21150-21370

SÓLUSTJ. LARUS Þ VALDIMARS LOGM. JOH ÞORDARSON HDL

Til sölu fókheld nú þegar:

Glæsileg raðhús á útsýnisstað

Við Funafold rétt við Gullinbrú í Grafarvogi „á einni og hálfri hæð“. 4 stór svefnherb., tvöf. bílsk. Góðar geymslur. Sólvalir um 24 fm. Allur frág. utanhúss fylgir. Teikn. á skrifst. Húni sf. byggir.

2ja herb. íb. við

Kríuhóla. 63,6 fm nettó í lyftuhúsi. Mjög góð. Skuldlaus. Útsýni. Langholtsveg. Um 70 fm, séringg. á jarðh. Öll eins og ný. Skuldlaus. Grettisgötu. Aðalhönd í tvíb. Mikið endurbýggð. Ris fylgir.

Skammt frá DAS — laus strax

4ra herb. íb. á 1. hæð af meðalstærð við Kleppsveg. Ný teppi. Sólsv. Gott risherb. fylgir. Geymsla í kj. Sanngjarnt verð.

Á stórr eignarlóð í Garðabæ

Steinhús m. einni eða tveimur íb., góðu vinnuþlássi, margskonar nýtingamögul. Eignaskipti mögul. Nánari uppl. aðeins á skrifst.

Lítill íbúð með bílskúr

Við Reynimel. Lítill 2ja herb. kjib. m. séringg. Bílsk. fylgir. Skuldlaus. Laus strax. Verð aðeins kr. 1-1,2 millj.

Hlíðar — Fossvogur — skipti

Gott raðhús af meðalstærð óskast til kaups. Skipti möguleg á sérhæð í úrvalsstandi í Hlíðunum.

Miðsvæðis í borginni — óskast

3ja, 4ra og 5 herb. íb., sérhæðir og einb. Margir skiptamöguleikar. Mikil milligjöf í mörgum tilfellum.

Opið í dag laugardag kl. 11-16.

ALMENNA FASTEIGNASALAN
LAUGAVEGI 18 SÍMAR 21150-21370